

Lýsing á starfsemi skráningarstöðvar

Skráning á kennimarki viðfangs
undir landaboga
{joint-iso-itu-t(2) country(16) is(352)}
fyrir Ísland

Útgáfa 0.3.1

2. maí 2007



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Efnisyfirlit

Formáli	3
Tilvísanir	4
Skipulag skráningar.....	5
Tilgangur	5
Notkunar svið	5
Útfærsla	5
Innihald.....	6
Þjónusta skráningarstöðvar	7
Skráning á kennimarki viðfangs.....	7
Breyting á upplýsingum í skráningu	8
Afskráning.....	8

Formáli

Í þessu skjali er skilgreind úthlutun og skráning á kenni viðfangs fyrir Ísland undir sameiginlegum landaboga alþjóðasamtakanna ISO og ITU. Skjalið byggir á alþjóðlegu stöðlunum ISO/IEC 8824-1 | ITU-T X.680 og ISO/IEC 9834-1 | ITU-T X.660 sem meðal annars skilgreina hugtakið kennimark viðfangs (e. object identifier) og lýsa ferlum fyrir skráningarstöðvar (e. registration authority).

Kennimark viðfangs er notað til að auðkenna hluti á einkvæman hátt, til dæmis vel afmarkaðar upplýsingar, skilgreiningar eða forskriftir. Í flestum tilvikum er kennimark viðfangs notað í samskiptum á milli tölvukerfa, þar á meðal yfir opin net.

Eftirfarandi listi er einungis dæmi um þá hluti sem hægt er að vísa til í kennimarki viðfangs:

- ITU-T tilmæli og ISO staðlar
- Land, fyrirtæki, verkefni
- ASN.1 eining eða tag
- Safn dulritunarreglna
- MIB stjórn lýsingar fyrir SNMP
- Viðfangsklassi eða eigind hans
- Upplýsingaviðfang
- ROSE aðgerð
- Eigind X.500 eða LDAP skráakerfis til að mynda DN
- Vottunarstefna
- Dulritunargrím
- Gerð tiltekins hluta X.400 skreytis
- Skrásnið
- Forritshlutar
- Forstilling sýndarústöðvar ásamt stikum, háttum og stýriskipunum

Kennimark viðfangs er hnútpunktur í nafnasviði (e. namespace) sem byggt er eins og tré. Kennimarkið er byggt á ASN.1 (Abstract Syntax Notation One) staðli, sem er skilgreindur í X.680 seríu ITU-T (ITU: International Telecommunication Union) og ISO/IEC 8824 alþjóðlega staðlinum. Skilgreining á kennimarki viðfangs er unnin í samstarfi alþjóðasamtakanna ISO/IEC og ITU-T.

Staðlaráð Íslands er með aðild að ISO fyrir Íslands hönd og Póst- og fjarskiptastofnun er með fullgilda aðild að ITU. Þann 13. febrúar 2007 undirrituðu Staðlaráð Íslands og Póst- og fjarskiptastofnun samkomulag um að Póst- og fjarskiptastofnun myndi stofnsetja og reka skráningarstöð fyrir skráningu undir landaboganum {joint-iso-itu-t(2) country(16) is(352)}. Með staðfestingu frá undirnefndum ITU-T og ISO; ITU-T WP2/17 og ISO/IEC JTC1/SC6, verður Póst- og fjarskiptastofnun eina skráningarstöðin á Íslandi fyrir kennimark viðfangs undir landaboganum {joint-iso-itu-t(2) country(16) is(352)}.

Tilvísanir

Eftirfarandi skjöl innhalda skilyrði og ákvæði sem kröfur í þessu skjali byggja á. Þar sem misræmi er í þessum gögnum þá gilda þær kröfur sem skilgreindar eru í þessu skjali.

- [1] ISO 3166-1:2006: *Codes for the representation of names of countries and their subdivisions -- Part 1: Country codes.*
- [2] ISO/IEC 8824-1:2002 | ITU-T Recommendation X.680: *Information technology -- Abstract Syntax Notation One (ASN.1): Specification of basic notation.*
- [3] ISO/IEC 9834-1:2005 | ITU-T Recommendation X.660: *Information technology -- Open Systems Interconnection -- Procedures for the operation of OSI Registration Authorities: General procedures and top arcs of the ASN.1 Object Identifier tree.*

Skipulag skráningar

Tilgangur

Þetta skjal tilgreinir hvernig Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar og skráir kennimark viðfangs. Skráningarstöð Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir kennimark viðfangs (hér eftir kallað Skráningarstöðin) gerir hagsmunaaðilum á Íslandi mögulegt að skrá einkvæm kenni á alþjóða vísu sem nota má í öllum gagnasamskiptum yfir opin net, óháð landamærum þjóða.

Skráningarstöðin úthlutar og skráir kennimark viðfangs í samræmi við ISO/IEC 8824-1 | ITU-T X.680 og sem uppfyllir kröfur í ISO/IEC 9834-1 | ITU-T X.660.

Notkunarsvið

Starfsemi Skráningarstöðvarinnar afmarkast við stjórnun skráningar og úthlutun á tölu og heiti fyrir kennimark viðfangs, en nær ekki yfir tæknilega þætti eins og skráningu á skilgreiningu hluta (sbr. ASN.1 *objectDescription*) né sannvottun á hlítungu á slíkri skráningu við tilmæli og alþjóðlegar forskriftir.

Allir lögaðilar á Íslandi sem eru skráðir í fyrirtækjaskrá RSK geta fengið skráð kennimark viðfangs í samræmi við kröfur þessa skjals. Ekki er gert ráð fyrir að einstaklingar sækji um skráningu á kennimarki viðfangs.

Þetta skjal tilgreinir ekki úthlutun né skráningu á öðrum kennum en þeim sem tilheyrir landaboganum {joint-iso-itu-t(2) country(16) is(352)}.

Útfærsla

Þar sem kennimark viðfangs er ekki úthlutað undir landaboganum {joint-iso-itu-t(2) country(16) is(352)} af öðrum aðilum en Skráningarstöðinni þá er tryggt að kennimarkið er einkvæmt.

Skráningarstöðin sér um úthlutun og skráningu undir skilgreindum greinum (e. partitions) undir landaboganum {joint-iso-itu-t(2) country(16) is(352)}. Einungis ein grein hefur verið skilgreind:

Talnegildi	Heiti
1	fyrirtæki-samtök-og-stofnanir

Þessi grein hefur kennimark {joint-iso-itu-t(2) country(16) is(352) fyrirtæki-samtök-og-stofnanir (1)}.

Póst- og fjarskiptastofnun getur skilgreint aðrar greinar í framtíðinni ef þörf er á.

Skráningarstöðin úthlutar bæði tölu (sem er hið eiginlega kennimark viðfangs) og tengdu heiti (textastreng) fyrir lögaðila undir tilsvandi grein. Talan er heiltala á bilinu 0 til 16.777.216 (2^{24}). Talan undir þeirri grein sem á við undir landaboganum {joint-iso-itu-t(2) country(16) is(352)} skal vera einkvæm undir hnútpunktinum; m.ö.o, þá skal ekki vera sama kennimark viðfangs skráð á tvö aðila.

Heiti viðfangs sem tengist tölunni skal vera einkvæmt undir hnútpunktinum. Um heitið gilda eftirfarandi reglur:

- Heitið getur verið frá 1 upp í 60 tákn.
- Leyfileg tákn í heiti eru litlir bókstafir í íslenska stafrófinu og bandstrik. Stafbil eru ekki heimil.

- Heitið má ekki byrja eða enda á bandstriki, né má það innihalda tvö eða fleiri bandstrik sem standa saman.

Skráning á skipulagsheild og úthlutun á kennimarki viðfangs felur í sér heimild til innri skráningar á kennum undir úthlutuðu kennimarki fyrir starfsemi, deild eða svið sem tilheyrir sama lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá RSK. Slík skráning skal vera í samræmi við kröfur þessa skjals.

Skráning á kennimarki viðfangs er tengt skipulagsheild lögaðila sem er skráður í fyrirtækjaskrá RSK. Ekki er heimilt að nota skráð kennimark viðfangs í öðrum skipulagsheildum. Dæmi um óheimila notkun á skráðu kennimarki viðfangs er ef samstæðufélag notar kennimark sem skráð er á dótturfélag þess í þágu samstæðunnar eða annars dótturfélags.

Kennimark viðfangs (talan) og samsvarandi heiti viðfangs er birt opinberlega á vefsetri Póst- og fjarskiptastofnunar, ásamt nafni skráningaraðila (lögaðila sem fær úthlutað og skráð kennimark) og nafni tengiliðs fyrir skráningaraðilann.

Innihald

Skráning Skráningarstöðvarinnar er í samræmi við ákvæði í kafla 6 í ISO/IEC 9834-1 | ITU-T X.660. Skráningargagnagrunnur inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

- Upplýsingar um skráningaraðila:
 - Nafn lögaðila
 - Kennitala
 - Póstfang
 - Símanúmer og faxnúmer
 - Tölvupóstfang
- Upplýsingar um tengilið skráningaraðila:
 - Nafn
 - Símanúmer og faxnúmer
 - Heimilisfang
 - Tölvupóstfang
- Kennimark viðfangs:
 - Talnagildi viðfangs
 - Heiti viðfangs (textastrengur)
- Dagsetningar:
 - Umsókn
 - Skráning
 - Síðasta breyting á skráningu
 - Afskráning
- Stöðuupplýsingar:
 - Skráning gild (rökrænt gildi)
 - Skráning opinber (rökrænt gildi)

Þjónusta skráningarstöðvar

Ferlar og verklagsreglur Skráningarstöðvarinnar eru í samræmi við ákvæði í kafla 7 og 8 í ISO/IEC 9834-1 | ITU-T X.660.

Lögaðili sem óskar eftir úthlutun og skráningu á kennimarki viðfangs getur sent in skriflega umsókn á þar til gert umsóknareyðublað eða fyllt út sambærilegt eyðublað á vefsetri Póst- og fjarskiptastofnunar. Allar umsóknir þarf að undirrita af lögbærum fulltrúa umsækjanda, annað hvort á pappír eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

Við úthlutun á kennimarki viðfangs skal greiða tilgreint skráningargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar. Skráningargjaldið er ákveðið af Póst- og fjarskiptastofnun og tekur mið af útlögðum kostnaði við uppbyggingu og rekstur Skráningarstöðvarinnar. Póst- og fjarskiptastofnun getur einnig innheimt gjald fyrir breytingar á skráningu.

Eftirfarandi reglur gilda um úthlutun og skráningu Skráningarstöðvarinnar:

1. Úthlutun er í samræmi við kröfur þessa skjals.
2. Úthlutun á kennimarki viðfangs er einkvæm.
3. Kennimarki sem hefur verið úthlutað einu sinni er ekki úthlutað aftur, óháð því hvort það er í notkun eða ekki.
4. Hægt er að breyta öllum upplýsingum í skráningu á kennimarki viðfangs nema tölunni, þ.e. hinu eiginlega kennimarki. Ef þörf er á breytingu á tölunni telst það skráning á nýju kennimarki viðfangs og afskráning á því gamla.
5. Allir lögaðilar á Íslandi skráðir í fyrirtækjaskrá RSK geta fengið kennimark viðfangs.
6. Umsókn um kennimark viðfangs innihaldi að lágmarki þær upplýsingar um skráningaraðila og tengilið hans sem tilgreindar eru í kaflanum **Innihald** í þessu skjali.
7. Heitið (textastrengur) sem samsvarar tölulega kennimarkinu á að vera lýsandi fyrir skráningaraðilann og ekki tengjast öðrum lögaðilum í fyrirtækjaskrá RSK.
8. Sjálfgefið er að skráning á kennimarki viðfangs er birt á vefsetri Póst- og fjarskiptastofnunar ásamt nafni lögaðila og tengiliðs hans. Skráning á kennimarki viðfangs er ekki birt ef umsækjandi fer fram á leynd um skráninguna.
9. Lögaðili hefur umráðarétt yfir kennimarki viðfangs um leið og því hefur verið úthlutað og það skráð. Kennimark telst úthlutað og skráð þegar umsækjandi hefur greitt fyrir skráninguna. Skráningarstöðin getur ekki dregið úthlutun á kennimarki viðfangs til baka eftir að úthlutun og skráning hefur farið fram.
10. Skráningaraðili má ekki afhenda né selja öðrum aðila kennimark viðfangs sem skráð er á hann.
11. Réttindi til notkunar á kennimarki viðfangs fylgir eignarhaldi á skráðum lögaðila. Ef skipti verða á eignarhaldi á þeirri skipulagsheild sem kennimarkið er skráð á skal óska eftir breytingu á skráningu á kennimarkinu í samræmi við skráningu í fyrirtækjaskrá RSK og staðfesta heimild á lögformlegan hátt, til dæmis með staðfestum stjórnarsamþykktum.

Skráning á kennimarki viðfangs

Eftirfarandi skref lýsa ferli við úthlutun og skráningu á kennimarki viðfangs.

1. Móttaka á umsókn um skráningu

2. Í samræmi við reglur:
 - a. Yfirfara og staðfesta upplýsingar á umsókn
 - b. Sannreyna heimild til skráningar (m.a. í fyrirtækjaskrá RSK)
 - c. Velja tölu kennimarks
 - d. Staðfesta einkvæmni á kennimarki, bæði tölu og heiti; leita í útilokunarskrá
 - e. Skrá kennimark sem eru samþykkt
 - f. Birta skráð kennimark á vefsetri
3. Tilkynna skráningu til beiðanda

Breyting á upplýsingum í skráningu

Ekki er mögulegt að breyta tölu kennimarks. Ef þörf er á skráningu á annarri tölu en fyrir er skal það gert með því að afskrá gamla kennimarkið og skrá nýtt kennimark viðfangs.

Eftirfarandi skref lýsa ferli við breytingar á upplýsingum í skráningu á kennimarki viðfangs.

1. Móttaka á umsókn um breytingu
2. Í samræmi við reglur:
 - a. Yfirfara og staðfesta upplýsingar á umsókn
 - b. Sannreyna heimild til breytinga
 - c. Ef breyting er á heiti kennimarks; staðfesta einkvæmni; leita í útilokunarskrá
 - d. Skrá breytingar sem eru samþykktar
 - e. Birta skráð kennimark með breytingum
3. Tilkynna breytingu á skráningu til beiðanda

Afskráning

Eftirfarandi skref lýsa ferli við afskráningu á kennimarki viðfangs.

1. Móttaka á umsókn um afskráningu
2. Í samræmi við reglur:
 - a. Yfirfara og staðfesta upplýsingar á umsókn
 - b. Sannreyna heimild til afskráningar
 - c. Afskrá kennimark
 - d. Skrá afskráða kennimarkið í útilokunarskrá
 - e. Fella kennimarkið af birtingarskrá
3. Tilkynna afskráningu til beiðanda